

Fjölbrautarskóli Snæfellinga
Fundargerð –12. fundur
17. ágúst 2004

Mættir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Gísli Ólafsson, Sigríður Finsen, Eypór Benediktsson og Guðbjörg Aðalbergsdóttir.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl 16:30 og bauð nefndarmenn velkomna

2. Skólaakstur

Skólameistari gerði grein fyrir viðræðum við Sæmund í Borgarnesi um skólaaksturinn, í framhaldi af því mun skólameistari ganga frá samningum við Sæmund um aksturinn frá Stykkishólmi og við Svan K. Kristófersson um aksturinn frá Snæfellsbæ.

Skólanefnd samþykkir að fela skólameistara og formanni að senda erindi til sveitarfélaganna sem standa að skólanum um að þau taki á sig halla þann sem fyrirsjáanlegt er að verði af skólaakstrinum.

3. Skólasetning

Ákveðið er að skólasetning verði mánudaginn 30. ágúst kl 15:30, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra verður viðstödd setningu skólans. Rætt var um hverjum skuli bjóða formlega til setningarinnar, skólameistari mun senda út boðsbréf.

4. Önnur mál

Guðbjörg upplýsti að skólasamningur við menntamálaráðuneytið er í undirbúningi.

Fundi slitið.